



## Fundargerð

1303. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn í Merkinesi, Stapa  
21. Janúar 2021, kl. 08:00

### Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Baldur Þ. Guðmundsson, Jóhann Friðrik Friðriksson,  
Guðbrandur Einarsson, Margrét A. Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi,  
Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Stjórnsýsluúttekt á velferðarsviði (2020021011)

Ragnar Guðgeirsson og Reynir Ingi Árnason frá Expectus mættu á fundinn og kynntu tillögur að úrbótum á velferðarsviði Reykjanesbæjar.

Bæjarráð þakkar Expectus og starfsmönnum velferðarsviðs fyrir góða vinnu við greiningu á rekstri sviðsins. Ljóst er að þær úrbótatillögur sem kynntar voru í dag innihalda mörg misstór verkefni sem sum hver þarf að vinna í samvinnu við fleiri aðila. Bæjarráð felur bæjarstjóra og sviðsstjóra velferðarsviðs að forgangsraða, kostnaðarmeta og útfæra tillögur og einstök verkefni nánar.

### 2. Íþróttahreyfingin og Covid 19 (2020040039)

Helgi Arnarsson sviðsstjóri fræðsluviðs, Hafþór Birgisson íþrótt- og tómsfundafulltrúi og Regína F. Guðmundsdóttir fjármálastjóri mættu á fundinn. Lagðar fram samantektir frá félögum um tekjufall.

Erindinu frestað. Bæjarráð óskar eftir að íþrótt- og tómsfundafulltrúi og fjármálastjóri vinni áfram í málinu.

### 3. Ný heilsugæslustöð (2021010393)

Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi mætti á fundinn og kynnti mögulegar staðsetningar fyrir nýja heilsugæslustöð. Bæjarráð felur skipulagsfulltrúa og bæjarstjóra að vinna frekar með verkefnið.

### 4. Tilkynning um slit Íþróttakademían ses. (2021010366)

Regína F. Guðmundsdóttir fjármálastjóri mætti á fundinn og kynnti gögn og upplýsingar er varða slit á Íþróttakademíunni ses.



Bæjarráð samþykkir slit á Íþróttakademiunni ses og felur bæjarstjóra og fjármálastjóra að vinna áfram í málinu.

Slit á stofnuninni er á grundvelli 1. mgr. 85. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, sbr. 3. mgr. 36. gr. laga nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir.

#### **5. Tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning (2020120329)**

Lögð fram lokaskýrsla frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning ásamt umsögn velferðarráðs.

*„Velferðarráð telur tillöguna jákvætt skref í því að einfalda húsnæðisstuðning til þeirra sem eiga rétt á honum og til að hafa betri yfirsýn yfir kerfið í heild. Mikilvægt er að tekin verði afstaða til kostnaðarskiptingar á milli ríkis og sveitarfélaga.“*

Bæjarráð samþykkir umsögn velferðarráðs.

#### **6. Umsagnarmál í samráðsgátt stjórnvalda (2021010326)**

Drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2875](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2875)

Umsagnarmál lagt fram. Bæjarráð vísar málinu til umsagnar framkvæmdarstjóra Kólku sf.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:45